

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Selfossi, 11. júní 2025
Tilvísun: 2506143

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Háafell ehf.	Kennitala: 520199-3149
Heimilisfang: Nauteyri	Leyfisnr: FE-1146
Stöðvarstjóri: Yordan Slavov Yordanov	Dags.: 02.06.2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Nei	Óboðað eftirlit : Já
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Já	Tegund eftirlit: Reglubundið

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Karl Steinar Ósakarsson, deildastjóri fiskeldisdeildar og Wija Ariyani, sérgreinaðýralæknir fisksjúkdóma fóru í eftirlit í Eldisstöðina Nauteyri þann **02.06.2025**. Viðstaddur eftirlit var Nino Aludauri-Guzek, aðstöða stöðvarstjóri.

NIÐURSTÖÐUR EFTIRLIT

I. UPPRUNI VATNS OG GÆÐAMAT:

- Uppruni vatns og frágangur inntaks - **án aths**
- Niðurstöður mælinga - **án aths**

II. UMHVERFI, HREINLÆTI OG SMITVARNIR:

- Móttaka hrogn/seiða - **á ekki við**
- Smitvarnir - **Frávik**

Sama inngang til að geyma útífatnat fyrir hús A og B.

- Vantar fatahengi fyrir útífatnað
- Engin vaskur til handþvotta.
- Inngangur í hús B er í gegnum geymslurými og hús C í gegnum vélaherbergi. Þetta fyrirkomulag samræmist ekki kröfum um aðskilnað hreina og óhreina svæða skv. reglugerð nr. 300/2018
- Útihurð í hús A hefur verið höfð opin í tengslum við frárennsli/dælingu, sem getur haft áhrif á smitvarnir vegna mögulegs aðflæðis sýkla úr ytra umhverfi.
- Niðurfall í hús B er ófullnægjandi og mikið vatnsmagn sem safnast á gólfið á meðan bólusetningu stendur.
- Við eftirlit kom í ljós að rennan sem notuð er til flutnings dauðra fiska hafði verið skilin eftir í húsi C í óhreinu ástandi. Lyktin var ekki góð. Hlutar rennunnar voru úr timbri, sem telst óheppilegt efni í búnað sem kemur í snertingu við lífrænan

úrgang eða sýktan dýraafganga. Í **15. gr. reglugerðar nr. 300/2018** segir: Við meðhöndlun á sýktum eða sjálf dauðum eldisdýrum skulu notuð sérstök áhöld, hlífðar- og skófatnaður, sem skal þvo og sótthreinsa eftir notkun.

- Þrif og sótthreinsun - **án aths**
- Viðhald - **án aths**
- Áhöld - **án aths**
- Fóðurgeymslur - **án aths**

III. **DÝRAVELFERÐ, SJÚKDÓMAEFTIRLIT OG SÝNATÖKUR:**

- Þéttleiki, heilbrigði og forvarnir - **án aths**
- Flokkun fiska - **án aths**
- Aflífun - **án aths**
- Umhirða eldisfiska - **án aths**
- Fóðrun - **án aths**

IV. **AUKAAFURÐIR DÝRA - **án aths****

V. **ANNÆÐ**

- Innra eftirlit og varsla gagna - **án aths**
- Varsla efna og lyfja - **án aths**
- Þekking og hæfni - **án aths**
- Viðvörðunarbúnaður - **án aths**

Gefin er frestur til **02.júli 2025** til að skila úrbótaáætlun

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993** er þér veittur **14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar**. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is. Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Ni Nyoman Wija Ariyani, Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma.